

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Miðvikudaginn 2. september 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-61/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 17. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á peysu á útsölu hjá versluninni Y. Álitsbeiðandi kveðst hafa verið látin greiða kr. 2.000 hærra verð en auglýst hafi verið og krefst að seljandi endurgreiði sér þá fjárhæð. Þá segist álitsbeiðandi vilja fá inneign í versluninni eða skaðabætur fyrir að þurfa að standa í þessu.“

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 18. ágúst, gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 28. ágúst. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 1. september sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt peysuna á útsölu hjá versluninni Y með 50% afslætti. Samkvæmt kassakvittun hafa kaupin farið fram 24. júlí sl. Á kvittunina er verð vörunnar skráð kr. 18.990, kr. 9.495 dregnar frá vegna útsölu og greiddi álitsbeiðandi þannig kr. 9.495 fyrir peysuna. Álitsbeiðandi segir að á verðmiða á peysunni hafi staðið kr. 14.990. Hún hafi tekið eftir því þegar heim var komið að hún hefði borgað kr. 9.495 og því ekki helminginn af kr. 14.990. Álitsbeiðandi kveðst hafa hringt í verslunina til þess að athuga hvort hún fengi ekki kr. 2.000 endurgreiddar en afgreiðslustúlkan sagt að verð á peysunni hefði verið hækkað í kr. 18.990. Álitsbeiðandi kveðst vita að þetta sé ólöglegt en afgreiðslustúlkan hafi ekkert viljað fyrir sig gera.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og verslunarinnar Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 47/2003 um neytendakaup og þær reglur sem síðar verður gerð grein fyrir.

Verslunin Y hefur ekki nýtt sér rétt sinn til andsvara. Slíkt leiðir að sjálfsögð ekki til þess að kæruneftndin segi ekki álit sitt á viðskiptum þeim sem ágreiningur er um. Það leiðir hins vegar til þess að við niðurstöðu kæruneftndarinnar verður öðru fremur, að því er atvik málsins varðar, að styðjast við lýsingu álitsbeiðanda og þau gögn sem lögð hafa

verið fram. Verður þannig byggt á því að auglýst verð á peysunni hafi verið kr. 14.990 og afsláttur 50%, en sá afsláttur er gefinn á verði vörunnar samkvæmt greiðslukvittun.

Samkvæmt reglum um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar, nr. 725/2008, á verðmerking á vöru að verða skýr, aðgengileg og greinileg svo augljóst sé til hvaða vöru eða þjónustu verðmerkingin vísar. Eins og segir hér að framan verður að byggja á þeirri frásögn álitsbeiðanda að auglýst verð á peysunni hafi verið kr. 14.990, enda ekki annað leitt í ljós, og auglýstur afsláttur 50%.

Í 1. og 2. málslið 4. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði, segir eftirfarandi: „Þegar veittur er prósentuafsláttur reiknast hann af fyrra verði. Taka skal fram hvert prósentuhlutfall lækkunarinnar er og skal tilgreina skýrt fyrra verð.“

Kærunefndin álitur að í því tilviki sem hér um ræðir verði að líta á það verð sem álitsbeiðandi segir hafa verið auglýst á peysunni sem fyrra verð í skilningi reglna nr. 366/2008 enda ekkert komið í ljós um það að annað verð á peysunni hafi verið auglýst með neinum hætti. Samkvæmt þessu álitur kærunefndin að ekki hafi verið lögmætt að láta álitsbeiðanda greiða hærra verð fyrir peysuna en kr. 7.495. Því eigi verslunin Y að endurgreiða álitsbeiðanda kr. 2.000.

Álitsbeiðandi gerir kröfu til þess að hún fái „inneign eða aðrar skaðabætur fyrir að þurfa að standa í þessu ...“

Aðalreglan er sú samkvæmt 52. gr. laga nr. 48/2003 að réttur til skaðabóta af því tagi sem álitsbeiðandi krefst byggist á því að viðkomandi hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni og auk þess gildir reglan einungis um það tjón sem aðili gat með sanngirni séð fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndar. Álitsbeiðandi hefur ekki sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni og þau óþægindi sem hún hefur orðið fyrir þykja kærunefndinni vart hafa getað verið svo mikil að efni séu til að ákveða henni skaðabætur frá seljanda. Er því þessari kröfu álitsbeiðanda hafnað.

V

Álitsorð

Verslunin Y greiði álitsbeiðanda, X, kr. 2.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

